



Hljóðalind 9

Fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi - viðbygging

Dags. 17. janúar 2024

Umsögn skipulagsfulltrúa


Á fundi skipulagsráðs nr. 175 þann 2. desember 2024 var lögð fram fyrirspurn lóðarhafa dags. 12. nóvember 2024 um að breyta skráningu áhaldaskúrs á suðvesturhlið hússins á lóðinni. Gert er ráð fyrir að nýta hann sem upphitaða viðbyggingu við húsið og að fermetrar verði skráðir. Ekki verður innangengt úr viðbyggingunni í húsið. Samþykki lóðarhafa nr. 7, 11 og 13 við Hljóðalind liggur fyrir.

Skipulagsleg staða:

Í gildi er Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040.

Í gildi er deiliskipulagið „Lindahverfi, norðan Fífuhammsvegar“ samþykkt 15. ágúst 1995.

24. nóvember 2020 samþykkti bæjarstjórn óverulega breytingu á deiliskipulagi þar sem heimilt var að byggja 12 m² áhaldaskúr sambyggt við suðvesturhlið raðhúss nr. 9 við Hljóðalind.



Niðurstaða:

Litið er jákvætt á að erindið fái málsmeðferð skv. 2 mgr. 43. gr skipulagslaga. Sækja þarf um breytingu á deiliskipulagi.

Virðingarfyllt,
f.h. skipulagsfulltrúa

Brynja Guðnadóttir
verkefnastjóri